

Velferð til framtíðar

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi

Áherslur 2010–2013



Velferð til framtíðar

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi

Áherslur 2010-2013

Útgefandi: Umhverfisráðuneytið 2010

Hönnun og umbrot: Pokahornið / Ragnheiður Kristjánsdóttir

Ljósmyndir: Hugi Ólafsson og umhverfisráðuneytið

ISBN 978-9979-839-30-9

Formáli

Velferð til framtíðar, stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, var samþykkt í fyrsta skipti árið 2002. Velferð til framtíðar myndar ramma um þau markmið sem stjórnvöld setja sér um sjálfbæra þróun í upphafi 21. aldarinnar. Stefnumótunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti í tengslum við umhverfisþing. Í þessu riti er að finna áherslur stjórnvalda um umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda til næstu fjögurra ára undir markmiðum Velferðar til framtíðar.



Metþátttaka á sjötta umhverfisþingi, sem fram fór haustið 2009, endurspeglar vaxandi áhuga á umhverfismálum hér á landi eins og á heimsvísu. Vægi umhverfismála hefur jafnframt aukist í stjórnsýslunni þótt umhverfismál séu ekki sérlega fyrirferðarmikil í samfélagsumræðunni við þær aðstæður sem íslenskt þjóðarþú glímur nú við í kjölfar efnahagshrunsins. Í umræðunni örlar um þessar mundir á skammsýnum viðhorfum til umhverfismála. Litið er á umhverfismál sem málaflökk sem þarf að biða þegar alvara lífsins eru annars vegar. Nánast eins og þau sjónarmið megi mæta afgangi. Við sjáum þetta meðal annars í kröfum um að við verðum að herða sókn í fiskistofnana og að við verðum að komu orku landsins í verð sem allra fyrst. Við sjáum þetta í kröfum um að yfirvöld umhverfismála séu ekki að „þvælast fyrir“ þeim sem vilja auka sókn í auðlindir lands og sjávar í því skyni að hjálpa okkur að moka ofan í skuldahitir bankahrunsins.

Viðhorf af þessi tagi eru beinlínis hættuleg. Umhverfismál eru ekki dægurmál, heldur fjalla þau um ápreifanleg verðmæti og skynsamlega nýtingu auðlinda. Þau snúast um að varðveita þær lifandi auðlindir sem eru undirstöður sjávarútvegs og landbúnaðar. Þau fjalla um jarðminjar, jarðhita, vatnsföll og landslag. Þau fjalla um að hlúa að náttúru Íslands, sem skilar okkur miklum tekjum af ferðamönnum þegar þeirra er mest þörf. Þau fjalla um að stemma stigu við stórfelldum breytingum á loftslagi sem myndu gjörbreyta lífsskilyrðum mannskyns. Þau fjalla um að draga úr mengun í andrúmsloftinu sem við öndum að okkur. Þau fjalla líka um ráðstöfun lands, skipulag og vistgerðir. Umhverfismál snúast um budduna, heilsuna, grunn-gildi samfélagsins og lífið sjálft.

Sjálft tel ég sjálfbæra þróun vænlegustu leiðina til að tryggja árangur við endurreisn íslensks samfélags. En í hverju felst sjálfbær þróun? Hvað þýðir þetta hugtak? Í skýrslunni „*Sameiginleg framtíð okkar*“ (*Our Common Future*), sem gefin var út árið 1987 undir forystu Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs, var hugtakið skilgreint á eftirfarandi hátt: „Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.“ Hugtakið hverfist í raun um einn kjarna. Jafnrétti. Jafnrétti kynslóðanna og jafnrétti þjóða. Komandi kynslóðir eiga sama rétt og við

til að njóta gæða jarðarinnar og þróunarríkin eiga rétt á að bæta lífskjör sinna þjóða. Þess vegna þarf að tryggja aðkomu framtíðarkynslóða þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á framtíð þeirra og komandi kynslóðir. Með þá hugsun að leiðarljósi lagði ég sérstaka áhersla á þátttöku ungs fólks á umhverfisþingi síðastliðið haust til að stuðla að umræðu milli kynslóðanna um framtíðarþróun Íslands. Eftir var til sérstakrar málstofu fyrir ungt fólk samhliða þinginu þar sem m.a. var leitað svara við spurningunni: „Hvernig getur Ísland orðið sjálfbært?“ Er afrakstur málstofunnar birtur í þessu riti.

Mótun framtíðarsýnar Íslendinga í anda sjálfbærrar þróunar er krefjandi verkefni og því verða ekki gerð heildstæð skil í stefnumörkun stjórnvalda í eitt skipti fyrir öll heldur er um að ræða lífandi verkefni sem er í raun verkefni samfélagsins alls. Til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar er nauðsynlegt að byggja á traustri vísindalegri þekkingu, stöðugu endurmati á aðstæðum og forgangsmálum auk opinna og lýðræðislegrar umræðu. Sem umhverfisráðherra legg ég ríka áherslu á lýðræðislegt samráð við almenning, félög og félagasamtök og alla þá sem láta sig umhverfismál varða. Til að stuðla að jafnrétti og lýðræði í umræðunni á umhverfisþingi var bryddað upp á þeirri nýjung að efna til svokallaðrar heimskaffiumræðu þar sem spurningar um sjálfbæra þróun voru ræddar í litlum hópum. Afrakstur þeirrar vinnu birtist einnig í þessu riti.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um hrun bankanna varpar ljósi á þá endurskoðun sem þarf að fara fram í allri stjórnsýslu og Stjórnarráðinu, ekki síst í þágu sjálfbærni og umhverfisþróunarmiða. Við þurfum að meta hvaða leiðir eru notaðar til að mæla heilbriggt samfélag. Við þurfum aðra mælikvarða, aðra hagvísa, til að mæla lífsgæði og heilbrigði samfélagsins. Sífellt fleiri þjóðir eru að átta sig á því að hagstjórn sem byggir á vexti án sjálfbærni er feigðarflan. Huga þarf að menningu og samfélagsverðmætum en ekki síður þeim verðmætum sem náttúran leggur okkur til og geta verið grundvöllur velferðar um ókomna framtíð ef um þau er gengið af hófsemi og virðingu. Þessar spurningar varða framtíð lífs á jörðinni og möguleika okkar á að leggja lóð á vogarskálur þeirrar framtíðar.



Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Efnisyfirlit

Inngangur	8
Sjálfbær framleiðsla og neysla	10
Menntun	12
I. Heilbriggt og öruggt umhverfi	16
II. Vernd náttúru Íslands	20
III. Sjálfbær nýting auðlinda	22
IV. Hnattræn viðfangsefni	26
Viðauki I – málstofa ungmenna á VI. Umhverfisþingi	30
Viðauki II – umræður í heimskaffi á VI. Umhverfisþingi	32
Viðauki III – athugasemdir sem bárust í kjölfar VI. Umhverfisþings	38
Viðauki IV – listi yfir þá sem sendu athugasemdir og tillögur	42





Inngangur



Velferð til framtíðar er heiti á stefnumörkun Íslands um sjálfbæra þróun, sem samþykkt var í ríkisstjórn skömmu fyrir leiðtogafundinn um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg árið 2002. Í henni var upphaflega að finna 17 markmið um umhverfisvernd og auðlindanýtingu, auk undirmarkmiða og var henni ætlað að vera rammi utan um stefnu Íslands varðandi sjálfbæra þróun fram til 2020. Í fyrstu stefnumörkuninni var einnig að finna yfirlit yfir aðgerðir til skemmri tíma sem raunhæf skref í átt til markmiðanna 17. Forgangsverkefni til að vinna að markmiðunum 17 eru endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Nýjar forgangsaðgerðir til fjögurra ára voru þannig skilgreindar í kjölfar Umhverfisþings árið 2005 og aftur árið 2009.

Í þessu riti er að finna nokkur lykilverkefni undir markmiðum *Velferðar til framtíðar* fyrir næstu fjögur ár, 2010–2013. Eins og áður er ekki um að ræða tæmandi lista yfir allar aðgerðir sem eru í bígerð eða æskilegt er að ráðast í, heldur er um að ræða nokkur forgangsverkefni á hverju sviði. Mörgum markmiðanna verður seint náð að fullu og því er brýnt að forgangsráða verkefnum og beina kröftum að þeim aðgerðum sem eru skilvirkastar og hagkvæmastar. Mikill árangur hefur náðst á sumum sviðum, s.s. varðandi vernd ósonlagsins og því ekki þörf á að skilgreina mörg verkefni á því sviði í náninni framtíð.

Í fyrstu útgáfu *Velferðar til framtíðar* var sérstök umfjöllun um leiðir til að ná markmiðunum, en þær eru auðvitað margvíslegar: reglusetning, hagrænir hvatar, skipulag, alþjóðasamningar og fræðsla svo nokkrar séu nefndar. Hér verður ekki fjallað ítarlega um allar þessar leiðir

en sérstaklega fjallað um tvær leiðir sem ætlunin er að leggja sérstaka áherslu á og efla á næstu fjórum árum. Annars vegar er um að ræða sjálfbæra framleiðslu og neyslu, hins vegar menntun til sjálfbærrar þróunar. Báðir þessir þættir eru nátengdir vitund fólks um umhverfi sitt, lífsstíl og skilningi á því hvaða áhrif athafnir mannsins hafa á umhverfið svo og að efla þekkingu á þeim leiðum sem eru færar til að draga úr álagi á umhverfið.

Í þessari skýrslu er að finna nýjan kafla (nr.7) um varnir gegn slysum og ofbeldi.

Sjálfbær neysla og framleiðsla hafa sífellt orðið gildari þættir í stefnumótun um sjálfbæra þróun og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er m.a. unnið að sérstakri rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu og verður sú áætlun til umfjöllunar í nefnd S.þ. um sjálfbæra þróun á fundum nefndarinnar 2010 og 2011.

Menntun til sjálfbærrar þróunar er í brennidepli í alþjóðlegu samstarfi og áratugurinn 2005–2014 er áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar hjá Sameinuðu þjóðunum. Markmiðið með því að tileinka heilan áratug menntun til sjálfbærrar þróunar er að vinna jöfnum höndum að þeim gildum sem í hugtakinu felast og að auka skilning á því hvað felst í sjálfbærni. Því er nauðsynlegt í öllu námi að stuðla að breyttu hugarfari og ábyrgri hegðun fólks þannig að samfélögin verði sjálfbærari og réttlátari fyrir alla. Ríkisstjórnnum aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna er ætlað að stuðla að því að auka almenna vitund og þátttöku í aðgerðum, m.a. í samvinnu við skóla, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila í samfélaginu.

Hér á eftir verður lýst megináherslum varðandi ofangreinda tvo þætti, þ.e. sjálfbæra framleiðslu og neyslu og menntun til sjálfbærrar þróunar. Í kjölfarið er fjallað um helstu aðgerðir á tímabilinu 2010–2013 til að ná þeim 17 markmiðum í stefnumótun Íslands um sjálfbæra þróun sem voru sett árið 2002, auk markmiða í kafla 7 um varnir gegn slysum og ofbeldi.

Sjálfbær framleiðsla og neysla



Markmið:

- Vægi vistvænna opinberra innkaupa verði aukið verulega.
- Íslensk fyrirtæki og stofnanir taki í vaxandi mæli upp umhverfismerkið Svaninn eða sambærileg merki á vöru og þjónustu.
- Neytendur geti valið umhverfismerktar vörur og þjónustu.
- Fræðsla og upplýsingar um gildi sjálfbærrar neyslu í daglegu lífi verði aukin.
- Vitund almennings og hagsmunaaðila um vistvænt skipulag og mannvirki verði aukin.

Forgangsmál 2010–2013:

- Stefna stjórnvalda um vistvæn innkaup verður framkvæmd með aðgerðaáætlun fyrir Ísland um innleiðingu vistvænna opinberra innkaupa í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.
- Hlutfall útboða á vegum ríkisins þar sem sett verða umhverfisskilyrði verða 30% árið 2010, 60% árið 2011 og 80% árið 2012.
- Þrjár lykilstofnanir ljúka fyrsta stigi í innleiðingu vistvænna innkaupa á árinu 2010.
- Allar ríkisstofnanir ljúka innleiðingu fyrsta stigs í stefnu stjórnvalda um vistvæn opinber innkaup árið 2012.

- Unnið verður samkvæmt stefnu stjórnvalda um mannvirkjagerð og hið opinbera sýnir gott fordæmi og setur metnaðarfull markið á sviði sjálfbærrar þróunar í verklegum framkvæmdum.
- Lögð verður áhersla á að vistvæn markmið verði eðlilegur hluti vinnuferils við skipulag, hönnun, byggingu og viðhald mannvirkja.
- Fyrirtækjum sem eru leyfishafar Svansins fyrir vöru sína og/eða þjónustu fjölgi verulega og þrefaldist hið minnsta.
- Stjórnvöld leggja aukna áherslu á að gera almenningi kleift að taka umhverfisvænni ákvarðanir í daglegu lífi en hingað til og stuðla þannig að sjálfbærri neyslu og lífsstíl.
- Lögð verður áhersla á rafræna sjúkraskrá og uppbyggingu heilbrigðisnets sem m.a. felur í sér rafrænt aðgengi heilbrigðisstarfsmanna að upplýsingum í sjúkraskrá óháð staðsetningu

Lífstill og neyslumynstur hins almenna borgara ráða miklu um stöðu og þróun umhverfismála. Þó athafnir hvers og eins virðist smáar og léttvægar hafa þær sameiginlega mikil áhrif á umhverfi okkar. Umhverfisvernd er því daglegt viðfangsefni hvers og eins, bæði einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Ákvarðanir um innkaup og neyslu í daglegu lífi geta stuðlað að sjálfbærri nýtingu auðlinda og dregið úr sóun verðmæta og úrgangi. Stjórnvöld geta búið svo í haginn að fólk geti valið sjálfbæran lífsstíl í daglegu lífi og að fyrirtæki og stofnanir sjái sér hag í að tileinka sér umhverfisstjórnun, umhverfismerkingar og að stunda vistvæn innkaup. Sjálfbærar neysluvenjur fela einnig í sér að fólk eigi þess kost að neyta öruggar og hollrar fæðu sem leiðir ekki til þyngdaraukingar, offitu eða annarra lífsstílstengdra sjúkdóma. Það að stuðla að sjálfbærri neyslu og framleiðslu er því afar mikilvægur þáttur í viðleitni stjórnvalda til að stuðla að sjálfbærri þróun.

Umhverfismerkingar eru jákvæð og skilvirk leið til að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu en jafnframt auðvelda umhverfismerki neytendum að velja umhverfisvænar vörur og þjónustu. Norræna umhverfismerkið Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Það var sett á laggirnar af Norrænu ráðherranefndinni árið 1989. Svanurinn nýtur mikils trausts meðal neytenda og framleiðenda og er talinn vera leiðandi meðal umhverfismerkja í heiminum enda eru gerðar strangar kröfur um umhverfisgæði og heilnæmi.


Vistvæn innkaup eru markviss leið til að taka tillit til umhverfissjónarmiða og tengja þau gæðum og kostnaði. Síðast en ekki síst ýta vistvæn innkaup undir framboð á vistvænum vörum og þjónustu sem nýtist samfélaginu í heild og hvetja til grænnar nýsköpunar. Með því að haga innkaupum sínum í þágu umhverfisins geta stofnanir og fyrirtæki stuðlað að sjálfbærri þróun.

Íslenska ríkið kaupir vörur, þjónustu og verk fyrir meira en 100 milljarða króna á ári. Þetta er um fjórðungur af útgjöldum ríkisins. Ljóst er að stjórnvöld geta haft mikil áhrif á úrbætur í umhverfismálum með því að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við innkaup hins opinbera, við nýtingu og förgun aðfanga svo og við val á ferðamáta starfsmanna.

Stefnumótun stjórnvalda um vistvæn opinber innkaup ríkisstofnana frá því í apríl 2009 er mikilvægt skref og fordæmi fyrir samfélagið allt í átt til sjálfbærrar þróunar. Í stefnunni er mælt fyrir um hvernig samþætta skal umhverfissjónarmið innkaupum hjá ríkinu.

Á heimsvísu hafa vottuð umhverfisstjórnunarkerfi sem byggjast á alþjóðlegum stöðlum lengi verið leið fyrirtækja til að sýna umhverfisáherslur í verki. Þekktustu alþjóðastaðlar um stjórnun umhverfismála eru ISO 14001 og EMAS. Staðlarnir eru verkfæri fyrir fyrirtæki til að reka skilvirkt umhverfisstjórnunarkerfi og samþætta það öðrum stjórnunarkerfum fyrirtækisins. Markmið umhverfisstjórnunar er að draga úr álagi á umhverfið með skilvirkri stýringu á helstu umhverfisþáttum.

Til að tryggja betri nýtingu aðfanga og koma í veg fyrir sóun í heilbrigðiskerfinu, t.d. með því að prenta út niðurstöður rannsókna og endurtaka rannsóknir, verður lögð áhersla á rafræna sjúkraskrá og uppbyggingu heilbrigðisnets sem m.a. felur í sér rafrænt aðgengi heilbrigðisstarfsmanna að upplýsingum í sjúkraskrá óháð staðsetningu.



Menntun



Markmið:

Að skapa samábyrgt þjóðfélag. Það felst í því að þroska hvern einstakling sem virkan borgara sem hefur þekkingu á og er meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart:

- hnattrænum áhrifum mannsins og jafnræði allra jarðarbúa
- náttúru og umhverfi
- lýðræði, mannréttindum og réttlæti
- jafnrétti og fjölmenningu
- velferð og lýðheilsu
- efnahagsþróun og framtíðarsýn

Menntun til sjálfbærni fer fram í gegnum líf og starf og einnig innan hins formlega skólakerfis, í símenntun, atvinnu og daglegu lífi. Skólakerfið og áherslur þess eru á ábyrgð stjórnvalda, sveitarstjórna, skólastjórnenda, kennara og skólasamfélags. Umhverfisvænt atvinnulíf hvílir á formlegri menntun, símenntun starfsmanna og atvinnurekendum. Eins og sjá má er menntun til sjálfbærni á ábyrgð margra aðila og flókið að setja fram forgangsmál eins og gert er í öðrum þáttum þessarar skýrslu.

Hér eru sett fram dæmi um markmið. Þau eru flokkuð í sex áhersluflokka menntunar til sjálfbærni. Markmiðin eru margvísleg og geta verið mismunandi eftir því hvort þau snúa t.d. að formlegu skólakerfi, félögum og félagasamtökum, símenntunarmiðstöðvum eða atvinnulífi. Það er í höndum hvers aðila að setja fram sín markmið.

Hnattræn áhrif og jafnræði allra jarðarbúa

- að öðlast skilning á sameiginlegri ábyrgð allra jarðarbúa á jörðinni og íbúum hennar
- að skilja þýðingu þess að hugsa á heimsvísu en bregðast við á heimaslóð (*think globally – act locally*)
- að bera virðingu fyrir margbreytileika mannkyns á heimaslóðum og í hnattrænu tilliti

Náttúra og umhverfi

- að bera virðingu fyrir lífi á jörðinni
- að gera sér grein fyrir gildum, viðhorfum og tilfinningum til náttúru og umhverfis
- að kynnast náttúrunni og fá tækifæri til að mynda tilfinningatengsl við hana
- að þróa með sér skilning og áhuga á umhverfisvernd
- að skilja hvers vegna verndun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa er mikilvæg til að tryggja viðhald náttúrunnar í framtíðinni,
- að öðlast náttúrufræðilega, félagsvísindalega og tæknilega þekkingu sem getur haft áhrif á nýtingu náttúrunnar í framtíðinni
- að vera fær um að veга og meta mismunandi sjónarmið til náttúru og umhverfis og greina á milli þeirra t.d. með tilliti til hversu sjálfbær þau eru

Lýðræði, mannréttindi og réttlæti

- að búa yfir félags- og samskiptafærni
- að búa yfir hæfni til gagnrýninnar hugsunar
- að beita sér á lýðræðislegan hátt til að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru um eigið líf, annarra og nánasta umhverfi þannig að þær verði sem sjálfbærastar
- að vera virkur og ábyrgur þátttakandi í skóla-, nær- og fjärsamfélagi

Jafnrétti og fjölmening

- að öðlast skilning og umburðarlyndi gagnvart margbreytileika mannlífsins hér á landi sem annars staðar í heiminum
- að virða möguleika til menntunar óháð kyni, efnahag, menningu, kynhneigð og öðru sem gerir fólk ólíkt
- að skilja að jafnrétti kynja skiptir máli fyrir sjálfbæra þróun

Velferð og lýðheilsa

- að tileinka sér sjálfbærar neysluvenjur
- að tileinka sér venjur sem stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði
- að efla vitund um félagslega velferð í samfélaginu

Efnahagsþróun og framtíðarsýn

- að skilja hvaða áhrif neysla í nútíð hefur á framtíðina
- að tengja skilning á alþjóðamálum við framtíðarhorfur sjálfbærrar mannvistar á jörðinni
- að skilja efnahagsþróun og samhengi nútíðar og framtíðar í sjálfbærri þróun

Forgangsmál 2010–2013:

Þar sem menntun til sjálfbærni er á ábyrgð margra aðila og flókið að setja fram forgangsmál eru hér sett fram markmið og leiðir sem snúa að ýmsum aðilum.

Stjórnvöld

Í lögum um hlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008 er lögð áhersla á að nám stuðli að alhliða þroska og velferð einstaklingsins. Enn fremur að náin samvinna sé höfð við foreldra barna og ólöggráða nemenda. Í skólastarfinu skulu velferð og hagur barna og unglinga höfð að leiðarljósi og starfshættir mótaðir af umburðarlyndi, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju og virðingu fyrir manngildi. Skólastarfið skal stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði. Það skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun barna og unglinga, þjálfva þau í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Á öllum skólastigum skal efla hæfni barna og unglinga í samskiptum og tjáningu á íslensku, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum. Leggja skal grundvöll að því að börn og unglingar verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Enn fremur skal rækta hæfileika barna og unglinga til tjáningar og sköpunar m.a. í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmýnd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta, stuðla að viðsýni og efla siðferðisvitund. Að auki bætist við það hlutverk framhaldsskólans að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífni og frekara nám. Allir þessir þættir samrýmast menntun til sjálfbærni.

- Aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla eru lykiltæki stjórnvalda í stefnumótun menntunar til sjálfbærni. Sumarið 2008 voru samþykkt ný lög fyrir þessi skólastig, nr. 90/2008, 91/2008 og 92/2008 og vinnur menntamálaráðuneytið nú að gerð námskráa þessara skólastiga. Stefnt er að útgáfu árið 2010. Í námskránum verður fjallað um menntun til sjálfbærni
- Menntamálaráðuneytið mun í samvinnu við kennaramenntunarstofnanir vinna að því að áhersla á menntun til sjálfbærni verði merkjanleg í kennaramenntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.
- Menntamálaráðuneytið mun beina tilmælum til íþróttá- og æskulýðsfélaga um að gera menntun til sjálfbærni merkjanlega í starfi sínu.
- Heilbrigðisráðuneytið mun hvetja heilbrigðisstarfsfólk til að fræða almenning um sjálfbæra lífshætti og áhrif þeirra á á andlegt og líkamlegt heilsufar.

Fræðsluaðilar og skólar

Þar sem menntun til sjálfbærni lýtur að þekkingu og þjálfun sem viðkomandi öðlast í gegnum hvers konar námsgreinar, skóla- og félagsstarf hvetur menntamálaráðuneytið til þess að áhersla á sjálfbærni endurspeglar í öllu námi, formlegu sem óformlegu. Samtímis er mikilvægt að fræðsluaðilinn sé ekki eyland, heldur sé áhersla lögð á sjálfbærni í samstarfi við samfélagið nær og fjær.

- Samkvæmt nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla hafa stjórnendur töluvert svigrúm til að móta starf skóla eftir mismunandi áherslum og aðstæðum. Menntamálaráðuneytið hvetur skólastjórnendur til að móta starf skólanna þannig að það verði vettvangur þekkingar og þjálfunar þar sem áhersla er lögð á virkni nemenda og námsvettvang sem skapar möguleika fyrir sjálfbært samfélag.
- Ný lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 gera m.a. ráð fyrir að framhaldsfræðslu skuli miða við þarfir einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu. Fræðsluaðilar og félög og félagsamtök eru hvött til að vinna að því að fræðslustaðurinn verði vettvangur þekkingar og þjálfunar þar sem áhersla er lögð á virkni einstaklinga og námsvettvang sem skapar möguleika fyrir sjálfbært samfélag.
- Ný lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 gera ráð fyrir að gerð námsbrautalýsinga færist frá menntamálaráðuneyti til framhaldsskólanna. Það felur í sér að skólunum er falin eiginleg tillögugerð um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms undir handleiðslu menntamálaráðuneytisins. Framhaldsskólar eru sérstaklega hvattir til að skapa

vinnulag og vinnuumhverfi í anda sjálfbærni sem og að setja áherslur menntunar til sjálfbærni inn í allar námsbrautalýsingar, hvort sem um er að ræða bóknám, starfsnám, starfsbrautir fyrir fatlaða eða fullorðinsfræðslu.

Sveitarfélög


Samkvæmt nýjum lögum um leik- og grunnskóla er forræði sveitarfélaga á skólarekstri aukið og sveitarfélögum gert að setja almenna stefnu um skólalald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Þannig er sveitarstjórnnum falin meiri ábyrgð á faglegu starfi í skólum. Þeim ber að móta almenna stefnu um skólalald og einnig að fylgja því eftir að skólar vinni markvisst að umbótum í skólastarfi og mæti þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar. Þá er búinn til nýr samráðsvettvangur um skólalaldið með skólaráðum sem í sitja fulltrúar kennara og annars starfsfólks, foreldra, grenndarsamfélags og nemenda eftir því sem við á. Með þessum hætti er leitast við að efla lýðræðislega virkni þeirra sem tengjast starfi skólans og áhrif þeirra á stefnumótun og starfsemi skóla og almenna umgjörð skólastarfs. Upplagt er að tengja saman ákvæði sem gjarnan hafa verið sett í Staðardagskrá 21 varðandi menntun og skólastefnu.

- Menntamálaráðuneytið hvetur sveitarfélög til að gæta að því að í skólastefnu sveitarfélagsins sé hugað að menntun til sjálfbærni og að sett séu fram viðmið um hvernig skuli staðið að menntun til sjálfbærni.
- Menntamálaráðuneytið hvetur sveitarfélög og íþrótt- og æskulýðsfélög til að vinna í anda sjálfbærrar þróunar og setja fram viðmið um hvernig skuli staðið að menntun til sjálfbærni.

Atvinnulíf

Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla kveða á um aðkomu aðila atvinnulífs að skipulagningu starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Um er að ræða starfsgreinanevnd, sem m.a. fjallar um heildarstefnumörkun starfsnáms. Enn fremur starfsgreinaráð sem fjalla um starfsmenntun í einstökum starfsgreinum eða starfsgreinaflokkum. Starfsgreinaráðin eiga m.a. að fjalla um hvaða kröfur þarf að gera til fyrirtækja og stofnana sem sinna starfsþjálfun eða vinnustaðanámi nemenda. Algengt er að fræðsluaðilar í atvinnulífi hafi umsjón með gerð námssamninga í starfsnámi og vinnustaðanámi nemenda. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun leggja áherslu á menntun til sjálfbærni í öllum námsbrautalýsingum starfsnáms á framhaldsskólastigi og eiga slík ákvæði jafnt við um skólanám og vinnustaðanám. Jafnframt mun ráðuneytið hvetja alla framangreinda aðila sem koma að starfsmenntun í atvinnulífinu til að huga sérstaklega að því að efla verklag og bæta vinnuumhverfi í anda sjálfbærni.

- Menntamálaráðuneytið mun vinna að samkomulagi við aðila á vinnumarkaði um að hugað sé að menntun til sjálfbærni og að sett séu fram viðmið um hvernig staðið skuli að áherslu á sjálfbæra þróun í menntun fullorðinna.
- Starfsgreinanevnd, starfsgreinaráð og umsýsluaðilar vinnustaðanáms eru hvött til að huga að menntun til sjálfbærni og setja fram viðmið um hvernig flétta má áherslu á sjálfbæra þróun inn í menntun á vinnustað.



I. Heilbrigt og öruggt umhverfi



1. Heilnæmt andrúmsloft

- 1.1 Íbúar landsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 1.2 Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki.
- 1.3 Dregið verði úr loftmengun á höfuðborgarsvæðinu þannig að innan nokkurra ára verði hún umtalsvert lægri en nú.

- Unnið verður að því í samvinnu ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri að draga úr svifryksmengun þannig að hún fari undir lækkuð viðmiðunarmörk, sem taka gildi 2010, m.a. með því að stuðla að minni notkun nagladekkja, hreinsun og rykbindingu gatna og betri frágangi opinna húsgrunna. Auk þess verða kannaðir möguleikar á notkun sterkari efna í malbik í því skyni að minnka slit og þar með svifryksmengun.
- Settar verða reglur um mörk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og markvisst leitað aðgerða til að draga úr losun þess frá jarðvarmavirkjunum.
- Umhverfis- og heilbrigðisráðuneyti munu vinna sameiginlega að því að bæta loftgæði á höfuðborgarsvæðinu ekki síst með heilsu barna í huga.
- Gerðar verða rannsóknir á heilsufarslegum afleiðingum ösku og annarra efna í tengslum við eldgosíð í Eyjafjallajökli.

2. Hreint og heilnæmt ferskvatn

2.1 Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni, ómenguðu af efnum og örverum, til neyslu og annarra nytja.

2.2 Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyrir til undantekninga.

2.3 Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.

- Rammatilskipun EB um vatn verður innleidd og löguð að íslenskum aðstæðum með því að sett verða lög um stjórn vatnamála sem tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu ferskvatns. Vöktun á neysluvatni verður bætt í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.
- Unnin verður áætlun um stjórnun vatns ásamt aðgerðaáætlun sem miðar að því að tryggja vernd grunnvatns, yfirborðsvatns á landi, ársavatns og strandsjávar svo og heildstæða vernd vatnslinda og vistkerfa í vatni.
- Við endurskoðun laga um náttúruvernd verður lögð sérstök áhersla á verndun vatnafars og lýst markmiðum til að varðveita vatnsauðlindir og vistkerfi í vatni.

3. Örugg matvæli

3.1 Neytendur geti ávallt treyst því að á boðstólum séu eingöngu matvæli sem eru örugg til neyslu.

3.2 Merkingar á matvælum veiti fullnægjandi upplýsingar um innihald vörunnar.

3.3 Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og öruggra matvæla úr há-gæða hráefnum í ómenguðu umhverfi.

- Unnið verður að því að tryggja stöðu íslenskra framleiðsluvara á heimsmarkaði og áhersla lögð á samspil dýravelferðar, hollustu og orðspor íslenskra framleiðsluvara.
- Íslensk matvælaöryggisráð verður endurskoðuð og reglur samræmdar í matvælaferlinu frá frumframleiðslu og þar til tilbúnum matvælum er dreift til neytenda. Reglur þessar ná yfir fóður, dýraheilbrigði og dýravelferð, framleiðsu, vinnslu og dreifingu matvæla.
- Settar verða reglur um rekjanleika matvæla til að tryggja að unnt sé að upplýsa neytendur og innkalla vörur ef í ljós kemur að þær uppfylla ekki kröfur um matvælaöryggi og réttar upplýsingar um eðli og samsetningu.
- Settar verða reglur um markaðssetningu og merkingar á erfðabreyttum matvælum og fóðri.
- Lögð verður áhersla á að viðhalda góðri stöðu Íslands varðandi lága tíðni matarsjúkdóma og að sambærilegar kröfur verða gerðar til innlendra og innfluttra matvæla með tilliti til matvælaöryggis.
- Neytendur verða hvattir til neyslu hollra og öruggra matvæla m.a. með því að auka þekkingu á sambandinu milli næringar og heilsu.
- Unnið verður að því að tryggja að ábyrgð á öryggi matvæla verði hjá matvælaframleiðendum og að opinbert eftirlit verði óháð hagsmunum framleiðenda og dreifingaraðila. Matvælaeftirlit verði byggt á áhættumati og samræmdum eftirlitsáætlunum.
- Reglur um merkingar á erfðabreyttum matvælum verða aðlagðar reglum ESB.
- Áfram verður unnið með hinum Norðurlandabjóðunum undir merkjum verkefnisins „Ny nordisk mad“. Markmið verkefnisins er að viðhalda kunnáttu í framleiðslu hefðbundins norræns matar, viðhalda og auka neyslu á honum bæði innan og utan Norðurlandanna en um leið að aðlaga meðhöndlun hans og innihald nútíma neysluháttum og matarvenjum.

4. Umhverfi án hættulegra efna

- 4.1 Notkun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi.
- 4.2 Neytendur fá fullnægjandi upplýsingar um hvernig beri að nota vöru og um hugsanlega áhættu sem stafað getur af efnunum í vörunni.
- 4.3 Dregið verði úr notkun sæfi- og varnarefna.
- 4.4 Losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt innan aldarfjórðungs.

- Sett verða lög um efni og efnavörur á árinu 2011 í því skyni að tryggja að fyllstu varúðar sé gætt við meðferð efna og efnavöru þannig að hvorki hljótist af heilsutjón eða skaði á umhverfinu. Framkvæmd laganna verður tvíþætt, annars vegar að vernda heilsu manna og umhverfi, hins vegar að liðka fyrir samkeppni í efnaiðnaði og efla þróun nýrra efna á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Tryggt verður að fullnægjandi upplýsingar um eituráhrif efna og efnavöru séu aðgengilegar svo og um áhættu sem fylgir meðhöndlun. Ennfremur verður lögð áhersla á að tryggja að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir hættuleg efni.
- Markvisst verður unnið að því að skipta út eitrefnum og hættulegum efnunum fyrir efni eða aðferðir sem hafa í för með sér minni hættu fyrir heilsu og umhverfi.
- Innleidd verður löggjöf sem leggur grunn að hnattrænni samræmingu flokkunar og merkinga á efnunum og efnablöndum (Global harmonized system – GHS).
- Ákvæði um bann við og takmörkun á notkun BPA (Bisfenól-A) verður sett í reglugerð. Bannið mun m.a. ná til notkunar efnisins í barnapælum.

5. Útivist í sátt við náttúruna

- 5.1 Réttur almennings að frjálsum aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða.
- 5.2 Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.
- 5.3 Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum mætt með aðgerðum sem koma í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar.

- Kannaður verður grundvöllur fyrir að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu m.a. í því skyni að standa straum af nauðsynlegum aðgerðum til þess að efla landvörslu og bæta stíga, merkingar og aðra aðstöðu við fjölsóttar náttúruperlur og á viðkvæmum svæðum.
- Stutt verður við rannsóknir og frekari þróun aðferðafræði til að meta þolmörk ferðamannastaða og reynt að meta kerfisbundið hvaða staðir séu helst í hættu vegna ágangs og þurfi sértækra aðgerða við.
- Markvisst verður unnið að því að koma í veg fyrir akstur utan vega, m.a. með því að ljúka kortlagningu slóða á hálendinu árið 2012 og merkja slóða sem leyfilegt er að aka um á kort og loka öðrum. Unnin verður sérstök framkvæmdaáætlun um bann við akstri utan vega og fræðsla og eftirlit með utanvegaakstri verður eftt.
- Við endurskoðun náttúruverndarlaga verður áhersla lögð á að styrkja ákvæði um almannarétt.
- Unnið verður að viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir að farið verði yfir þolmörk náttúrunnar á fjölsóttum ferðamannastöðum.

6. Varnir gegn náttúruvá

6.1 Allir íbúar landsins búi við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvár.

6.2 Landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár.

- Unnið verður áfram að ofanflóðavörnum, m.a. í Bolungarvík, Ólafsfirði og á Neskaupstað, og leitast við að ljúka sem fyrst ofanflóðavörnum í samræmi við langtíma-áætlun stjórnvalda.
- Lokið verður vinnu við hættumat í þéttbýli vegna ofanflóða og unnið áfram að úttekt á hættu í dreifbýli.
- Veðurstofan mun halda áfram vinnu við að kortleggja flóðahættu á Suðurlandi og innleiðing flóðatilskipunar ESB verður metin.
- Skógareldar verða skilgreindir sem náttúruvá.
- Hafin verður vinna um samræmd viðbrögð gegn gróður- og skógareldum á Íslandi.
- Lokið verður við samræmingu viðbragðsáætlaða heilbrigðisstofnana, m.a. með tilliti til náttúruvár.

7. Varnir gegn slysum og ofbeldi

7.1 Áfram verði unnið markvisst að því að fækka slysum á börnum og unglingum, vinnuslysum, umferðaslysum og slysum á sjó svo og á heimilum, í skólum, í íþróttum og öðrum frístundum.

7.2 Unnið verði að því að draga úr tíðni og dauðsföllum vegna heimilisofbeldis, kynferðisofbeldis og ofbeldis af öðru tagi.

- Í Heilbrigðisáætlun til ársins 2020 verður lögð áhersla á varnir gegn slysum og hvers kyns ofbeldi.
- Lýðheilsustöð mun vinna að áætlun sem byggir á hygmyndafræði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) þar sem samfélög eru hvött til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að draga úr líkum á slysum og ofbeldi. Lýðheilsustöð fékk á árinu 2010 formlega útnefningu WHO sem miðstöð fyrir örugg samfélög á Íslandi.
- Áfram verður leitast við að draga verulega og varanlega úr meiðslum, örorku og dauðsföllum sem orsakast af slysum og ofbeldi.
- Samstarf verður eflt milli þeirra sem vinna að slysaskráningu, rannsóknum og forvörnum.



II. Vernd náttúru Íslands



8. Vernd lífríkis Íslands

8.1 Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.

8.2 Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.

8.3 Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt.

- Unnið verður að framkvæmd náttúruverndaráætlunar 2009–2013, sem miðar einkum að verndun plöntusvæða og vistgerða á hálendi og verndun sjaldgæfra tegunda háplantna, mosa og fléttna. Einnig verður unnið frekar að verndun svæða sem út af standa í fyrri áætlun og miða að verndun mikilvægra fuglasvæða.
- Náttúruverndarlög verða endurskoðuð m.a. í því skyni að treysta verndarákvæði, tryggja almannarétt og stuðla að náttúruvernd á strandsvæðum og í sjó.
- Unnið verður að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum með hliðsjón af tillögu þar að lútandi í drögum að náttúruverndaráætlun og því verki lokið á árinu 2010.
- Skrásetning á votlendissvæðum verður bætt og átak undirbúið til að endurheimta votlendi, bæði í því skyni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að efla líffræðilega fjölbreytni.

- Settur verður á laggirnar starfshópur til að meta árangur af lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, m.a. í því skyni að að kanna hvort framkvæmd laganna endurspegli tilgang þeirra sem og meginreglur umhverfisréttar, svo sem varúðarregluna og mengunarbótarregluna, eins og þær eru skilgreindar í alþjóðlegum samningum. Jafnframt verður lagt mat á hvernig verndun svæðisins verður best fyrir komið hvað varðar vöktun, stýringu, umsjú og lagaumgjörð.
- Unnið verður að heildstæðri áætlun um efnistöku á landi og í sjó í því skyni að vernda lífríki og sérstæðar jarðmyndanir.

9. Vernd sérstæðra jarðmyndana

9.1 Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu.

9.2 Gengið verði frá skipulegu yfirliti yfir jarðmyndanir á Íslandi sem verði grunnur að markvissri verndun þeirra.

- Unnið verður að frekari viðmiðum fyrir markvissa verndun jarðmyndana fyrir gerð næstu náttúruverndaráætlunar 2014–2018.
- Unnið verður að því að vernda háhitasvæði á grundvelli mats á verndargildi þeirra og niðurstaðna Rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða.
- Undirbúningur verður hafinn að verndun Gjástykkis.

10. Vernd víðerna

10.1 Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.

10.2 Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

- Unnið verður að stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs einkum með áherslu á friðlýsingu Steinadals og svæða við Langasjó og landsvæða norðan Vatnajökuls.
- Við endurskoðun náttúruverndarlaga verður hugað sérstaklega að því að styrkja vernd víðerna og sérstæðra jarðmyndana.
- Við endurskoðun náttúruverndaráætlunar verður m.a. hugað sérstaklega að vernd landslags og hvernig styrkja má ákvæði er varða áætlanir, skipulag og framkvæmdir. Áhersla verður lögð á vernd landslags og svæða, m.a. með tilliti til varðveislu menningarlandslags.
- Hafinn verður undirbúningur að innleiðingu Landslagssáttmála Evrópu.



III. Sjálfbær nýting auðlinda



11. Sjálfbær nýting auðlinda hafsins

- 11.1 Nýting fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins verði ávallt sjálfbær og byggji á bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.
- 11.2 Veiði úr stofnum, þar sem sýnt hefur verið fram á með vísindalegum rökum að takmarka þarf sókn, skal lúta veiðistjórnun þar sem beitt verði varúðarsjónarmiðum til að ná fram hámarksafrakstri stofna til langs tíma.
- 11.3 Þróuð verði langtímastefna fyrir nýtingu einstakra stofna, m.a. með þróun aflareglna og beitingu fjölstofnanálgunar þar sem því verður við komið.
- 11.4 Aðferðir við nýtingu og stjórnun á lifandi auðlindum sjávar taki mið af fjölþættu samspili í lífríki sjávar og miði að því að lágmarka neikvæð áhrif nýtingar á aðra þætti í lífríkinu.

- Aflaregla verður mótuð fyrir fleiri mikilvægar fisktegundir en þorsk og taki mið af bestu fánlegu þekkingu á lífríkinu og fjölstofnanálgun.
- Við mat á lífríki hafsins verða fjölþætt efnistöð eflid og hugað verður að frekari útfærslu vistkerfisnálgunar sem og fjölþjóðlegu samstarfi þar að lútandi.

- Nýlega samþykktar leiðbeiningareglur FAO um verndun viðkvæmra vistkerfa á úthafinu verða útfærðar til notkunar á íslensku hafsvæði.
- Áfram verður lögð áhersla á fjölbjóðlegt samstarf um rannsóknir og þróun þar á meðal varðandi vistvænar lausnir í sjávarútvegi, svo sem þróun veiðarfæra.

12. Sjálfbær gróðurnýting og endurheimt landgæða

12.1 Þær auðlindir landsins sem felast í jarðvegi og gróðri, þar með töldum skógi, verði byggðar upp og nýttar á sjálfbæran hátt samkvæmt bestu vísindalegu þekkingu.

12.2 Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarpóls og hættu á jarðvegseyðingu.

12.3 Unnið verði skipulega að landgræðslu á eyddum og rofskemmdum svæðum í samræmi við markmið landnýtingar og náttúruverndar á hverju svæði. Hraðfara jarðvegseyðing verði stöðvuð, sérstaklega í byggð og á láglandi.

12.4 Uppbygging nytjaskóga verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins.

- Lög um skógrækt nr. 3/1955 og lög um landgræðslu nr. 17/1965 með síðari breytingum verða endurskoðuð.
- Áhersla verður lögð á að efla þátttöku landeigenda og treysta samstarf við þá um aðgerðir til að tryggja uppgræðslu og sjálfbæra nýtingu lands.
- Skógrækt verður stunduð með fjölbætt markmið að leiðarljósi einkum með það fyrir augum að endurheimta vistkerfi, vernda jarðveg, binda kolefni, auka tækifæri almennings til útivistar og byggja upp skógarauðlind í því skyni að stuðla að sjálfbærri byggðapróun og nýsköpun í atvinnulífi.

13. Aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa

13.1 Endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

13.2 Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun þjóðarinnar verði aukið og að því stefnt að notkun jarðefnaeldsneytis verði óveruleg innan fárra áratuga. Stefnt verði að því að farartæki nýti orku sem framléidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum eins fljótt og kostur er og hagkvæmt þykir.

13.3 Skipulag raforku- og hitaveitumála verði með þeim hætti að skilvirkni, öryggi og heildarhagkvæmni verði sem best tryggð.

13.4 Stuðlað verði að bættri orkunýtni.

13.5 Stuðlað verði að auknum eldsneytissparnaði.

- Stefnt er að því að ljúka 2. áfanga Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma fyrir árslok 2010. Kostað verður kapps um að samþætta sjónarmið nýtingar og verndunar við áframhaldandi vinnu við verkefnið.
- Kannaðir verða möguleikar á að setja upp varmadælar til húshitunar á þeim svæðum þar sem það þykir hagkvæmt. Sýnt hefur verið fram á að varmadælar geti verið góður kostur og sparað umtalsverða orku á þeim svæðum sem nýta raforku til húshitunar.

- Unnið verður að því að skapa hvata til betri orkunýtni meðal annars með bættri tækni. Þá verður aukin áhersla lögð á að nýta enn frekar þá miklu orku sem vannýtt er á þeim háhitasvæðum landsins sem virkjuð hafa verið til raforkuframleiðslu.
- Lögð verður áhersla á að innleiða notkun vistvænna ökutækja. Í því skyni verður m.a. stutt við nýsköpun og rannsóknir á vistvænu eldsneyti. Sérstök áhersla verður lögð á að nýta rafmagn til að knýja bifreiðar. Rannsaka þarf hvort þörf er á nýjum innviðum svo takast megi að innleiða rafmagnsbíla og vistvænt eldsneyti á bíla.
- Löggjöf um skattlagningu á ökutæki verður endurskoðuð meðal annars í því skyni að hvetja til kaupa á sparneytnari tækjum.
- Leitað verður leiða til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í bifreiðum meðal annars með markvissri fræðslu og leiðsögn í sparakstri.

14. Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs

14.1 Dregið verði úr myndun úrgangs eftir því sem kostur er og hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Tryggja þarf að spilliefni berist ekki út í umhverfið.

14.2 Náð verði tölulegum markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs, s.s. um-
búðaúrgangs, lífræns úrgangs, rafeindabúnaðar og raftækja.

14.3 Við verðmyndun vöru verði gert ráð fyrir förgunarkostnaði.

- Lög og reglur um meðhöndlun úrgangs og endurvinnslu verða endurskoðuð með það að markmiði að söfnun og endurvinnsla úrgangs hafi þarfir almennings, atvinnulífs og umhverfisins að leiðarljósi þannig að markmið um minni urðun og meiri endurvinnslu náist.
- Ný rammatilskipun um úrgang verður innleidd með það að fyrir augum að tryggja vernd umhverfis og heilsu manna. Þetta verður meðal annars gert með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif vegna myndunar og meðhöndlunar úrgangs og með því að draga úr heildaráhrifum af meðhöndlun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.



IV. Hnattræn viðfangsefni



15. Hreint haf

15.1 Styrkur manngerðra mengunarefna í sjávarfangi úr hafinu umhverfis Ísland sé ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðis-yfirvalda.

15.2 Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi hverfi með öllu, ekki síst losun þrávirkra lífrænna efna, geislavirkra efna og þungmálma.

15.3 Ísland verði áfram leiðandi í alþjóðlegu samstarfi og aðgerðum gegn mengun hafsins.

- Stefna Íslands varðandi vernd hafsins verður endurskoðuð með hliðsjón af niðurstöðum vinnuhóps Norðurskautsráðsins um mat á gagnsemi aðgerða til verndar hafinu bæði á alþjóðavettvangi og á norðurslóðum. Ísland tekur þátt í stjórn verkefnisins.
- Ísland mun taka þátt í gerð alþjóðlegs samkomulags um takmörkun á losun kvikasilfurs.
- Metið verður hvort framkvæmdaáætlun Íslands um mengun frá landsstöðvum þarfnast endurskoðunar með hliðsjón af niðurstöðum í uppfærslu svæðisbundinnar

áætlunar fyrir norðurslóðir um vernd hafsins gegn mengun frá landstöðvum sem vinnuhópur Norðurskautsráðsins um vernd hafsins hefur skilað af sér. Uppfærslan er hluti af alþjóðaverkefni Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna um vernd hafsins gegn mengun frá landi (Global Programme of Action – GPA).

- Íslensk stjórnvöld munu styðja við rannsóknir á súrnun hafsins á Íslandsmiðum vegna aukins styrks koldíoxíðs og rannsóknir á hugsanlegum afleiðingum súrnunar á lífríkið. Afleiðingar loftslagsbreytinga á hafið og lífríki þess eru minna þekkt en áhrif á land og lofthjúpin. Ísland mun beita sér fyrir því að reynt verði að bæta þá þekkingu hér á landi og á alþjóðavettvangi.

16. Takmörkun loftslagsbreytinga af manna- völdum

16.1 Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hættulega röskun á veðrakerfum jarðarinnar af manna völdum m.a. með því að draga úr útstreymi og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda hér á landi.

16.2 Dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

16.3 Íslenskri sérþekkingu á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verði miðlað á erlendum vettvangi.

- Stjórnvöld munu leggja aukna áherslu á að flytja út loftslagsvæna tækni, m.a. á sviði jarðvarma og til orkusparnaðar í skipum.
- Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna mun áfram leggja áherslu á að halda námskeið í Suður-Ameríku, Asíu og Afríku til viðbótar við hið hefðbundna sex mánaða nám hér á landi.
- Áfram verður unnið að því að beita hagrænum aðgerðum til að hvetja til notkunar á umhverfisvænum farartækjum og eldsneyti.
- Átak verður gert til að endurheimta votlendi í því skyni að auka bindingu kolefnis í jarðvegi.
- Unnin verður aðgerðaáætlun fyrir Ísland um leiðir til að draga úr loftslagsbreytingum með hliðsjón af niðurstöðum í skýrslu sérfræðinganeftdar um möguleika til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi (gefin út 2009).
- Unnin verður áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélög með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabilinn.



17. Vernd ósonlagsins

17.1 Ísland verði áfram í hópi þeirra ríkja heims sem fremst eru í takmörkunum á notkun og losun ósoneyðandi efna.

17.2 Stefnt verði að því að notkun ósoneyðandi efna verði hætt á Íslandi árið 2010.

- Ósoneyðandi efni verða endanlega horfin af markaði árið 2016 og förgun þeirra tryggð.
- Fræðsla verður eflað um áhrif sólbaða og útvistar í sólríku veðri, áhrif útfjólublárra geisla við yfirborð jarðar á heilsufar fólks og hvernig fyrirbyggja má sjúkdóma af völdum þeirra.

18. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni

18.1 Tryggt verði að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa á Íslandi verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera, erfðauðlindirnar sem þær búa yfir og búsvæði þeirra.

18.2 Öll nýting hinnar lífandi náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.

18.3 Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

- Unnin verður landsáætlun um vöktun líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra stofnana í samræmi við stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni og með hliðsjón af fjölþjóðlegum vöktunaráætlunum svo sem áætlun Norðurskautsráðsins.
- Settur verður á laggirnar starfshópur umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis til að vinna að tíma- og áfangaskiptri framkvæmdaáætlun á grundvelli stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar um líffræðilega fjölbreytni.
- Skipaður verður starfshópur sem hefur það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að fjarlægja lúpínu á þeim svæðum sem hún er talin óæskileg og ógn við annað umhverfi og hvernig þeim tillögum skuli forgangsraðað eftir svæðum.
- Unnið verður að skilgreiningu, skráningu og kortlagningu vistgerða á láglandi.
- Ákvæði um erfðauðlindir verða sett í náttúruverndarlög við fyrirhugaða endurskoðun laganna.
- Leiðbeiningareglur samningsins um líffræðilega fjölbreytni um hvernig fjalla skal um líffræðilega fjölbreytni við mat á umhverfisáhrifum verða hafðar til hliðsjónar við mat á umhverfisáhrifum.
- Lögð verður sérstök áhersla á fræðslu um líffræðilega fjölbreytni á árinu 2010 sem er ár líffræðilegrar fjölbreytni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.



Viðauki I

Málstofa ungmenna á VI. Umhverfisþingi

Á VI. Umhverfisþingi haustið 2009 var efnt til sérstakrar málstofu fyrir ungt fólk í því skyni að efla umræðu milli kynslóða.

Ungmennin fjölluðu um aðalspurningu þingsins:
Hvernig getur Ísland orðið sjálfbært?

Út frá þessu meginþema bjuggu þátttakendur til 4 stoðspurningar í 4 hópum. Spurningarnar voru svo látnar ganga á milli þannig að allir svöruðu þeim. Hér er að finna ábendingar og tillögur sem bárust úr málstofu unga fólksins.

Íslendingar eru vanir innfluttum vörum í hvaða vöruflokki sem er. Hvort sem um er að ræða mat, föt, bíla eða annað þá velja Íslendingar nánast alltaf útlendu vörurnar.

Við getum stoppað innflutning á vörum sem nú þegar eru framleiddar á Íslandi.

Skapast gæti meiri atvinna með því að vinna úr neysluvörum hér heima í stað þess að flytja þær inn með miklum kostnaði.

Auka þarf umhverfisvitund yngri kynslóða.

Síðan eru svo fáir Íslendingar sem framleiða sínar eigin vörur að þeir verðsetja þær fátælega hátt.

Einnig búum við Íslendingar ekki yfir kunnáttu til að framleiða marga hluti svo sem bíla, hver einasta bifreið á Íslandi er innflutt.

Erum of háð öðrum löndum. Áður en kreppan skall á gekk allt vel og var þá allt í lagi að fá hjálp frá öðrum löndum, en þegar kreppan skall á sá fólk loks að við þurfum að verða sjálfbært samfélag.

Hvernig getur Ísland orðið sjálfbært?

Hvað hindrar okkur í að vera sjálfbært samfélag?

Af hverju eru umhverfismál lítið eða ekkert rædd meðal ungs fólks?

Ungt fólk er lítið frætt um umhverfismál bæði utan sem innan skóla.

Fræðsla til ungs fólks er oft á alltof fræðilegum nótum.

Margt eldra fólk telur önnur mál mikilvægari en umhverfismál og telur því nógu að fræða yngstu krakkana um umhverfismál. En það erum við sem munum vera í þeirra hlutverki eftir 20 ár og þurfum því að vera búin að fá fræðslu um þessi mál. Fólk áttar sig kannski ekki nógu vel á því.

Nú fyrst er fólk að átta sig á þeim afleiðingum sem uppfinningar síðustu aldar hafa í för með sér svo sem billinn og bensínið. Þess vegna hafa umhverfismál lítið sem ekkert verið rædd, sérstaklega ekki meðal ungs fólks.

Hvernig getur ungt fólk látið betur í sér heyra?

Taka þátt í öllum viðburðum og einnig taka virkan þátt í umræðum sem koma unglingum mikið við, t.d. skrifa greinar í blöð og vera sjálf með okkar eigin viðburði. Hafa skipulagða fundi sem bæði ungmenni og eldri kynslóðir taka þátt í.

Hvetja og auglýsa ungmennaráðin því að stærri hópur er háværi.

Af hverju eru einstaklingar með bóklega menntun taldir hugmyndaríkari? Hví eru skoðanir þeirra marktækari?

Stofna ungmennahreyfingu óháð flokkum. Þessi hreyfing gæti tekið fyrir sömu mál og Alþingi og sent ráðherra niðurstöður sínar.

Stofna fleiri ungmennaráð og styrkja starfsemi þeirra. Taka meiri þátt í menningarviðburðum. Auglýsa ungmennastarfið og fá fleiri unglinga til að taka þátt í því.

Hvaða framleiðslu getum við aukið til að minnka innflutning til Íslands?

Hætta að flytja inn matvæli og aðrar vörur sem við getum og gætum framleitt sjálf.

Hvetja fólk til að kaupa íslenskar vörur.

Vinna betur úr hlutunum sem við framleiðum hér heima, t.d. áli.

Auka framleiðslu á íslensku grænmeti og ávöxtum, þá skapast meiri atvinna.

Íslendingar geta framleitt húsgögn sjálfir svo sem borð, stóla o.fl.

Minnka t.d. innflutning á alls kyns mat sem Íslendingar geta framleitt eða ræktað sjálfir.

Framleiðum allar þær afurðir sem hægt er að búa til hér á Íslandi og hættum að kaupa frá öðrum löndum, t.d. allar mjólkurafurðir, ull og allt kjötið sem við eigum, fiskinn, fötin og húsgögn. Ef við framleiðum þetta í miklu magni mun innflutningur frá öðrum löndum strax minnka.

Viðauki II

Umræður í heimskaffi á VI. Umhverfisþingi

Á VI. Umhverfisþingi í október 2009 fóru fram umræður um tiltekna spurningar í svokölluðu heimskaffi. Þátt-takendum var skipt niður á 7-10 manna borð sem fengu eftirfarandi spurningar til að fjalla um:

- I. Umhverfismál og sveitarfélög
Hvernig náum við raunverulegum árangri við uppbyggingu sjálfbærs samfélags?
- II. Umhverfismál og atvinnulíf
Hvernig byggjum við upp öflugt og umhverfisvænt atvinnulíf?
- III. Sjálfbært Ísland
Sjálfbært Ísland – hvernig komumst við þangað?

Hér á eftir er birt samantekt á helstu tillögum og ábendingum sem fram komu í umræðunum í heimskaffi.

Alþjóðlegar og staðbundnar leikreglur taki mið af hagrænum, umhverfislegum og félagslegum þáttum.

Heildarsýn og verðmætamat

Endurskilgreina mælingar á hagvexti þar sem m.a. er tekið tillit til vistkerfa og velferðar.

Sá sem mengar á að greiða þann kostnað sem hlýst af menguninni, ekki velta kostnaði vegna mengunar jafnt yfir á alla.

Auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum og nota t.d. metan, rafmagn og lífdísel

Nota hagræna hvata til að umbuna fyrir umhverfisvæna hegðun, t.d. í sormálum.

Skipuleggja samgöngur með heildarsýn í huga. Nú greiða sveitarfélög hjólastíga og kostnað vegna strætó, en ríkið vegna vega og bílastæða. Þegar ekki er greitt úr sama vasa eru minni líkur á heildarhugsun og að tekið sé tillit til allra hliða sjálfbærni.

Efla almenningssamgöngur með því að bjóða upp á fjölbreytta valkosti, beita hagrænum hvötum og haga skattlagningu þannig að hún taki mið af raunverulegum kostnaði samfélagsins.

Verð á vörum endurspegli raunkostnað, til dæmis kostnað vegna förgunar, flutninga og annarrar mengunar.

Styrkja lýðræðið, m.a. með því að efla samráð við almenning í tilteknum málum. Aukin aðkoma leiðir til hlutdeildar allra í að leysa málin, bæði einstaklinga og sveitarfélaga.

Auka ábyrgð og virkni almennings á öllum aldri í málefnum sem tengjast sjálfbærni.

Setja lýðræðisleg og siðræn gildi í öndvegi.

Hafa hemil á neyslu og leggja áherslu á gildi sem leiða til sjálfbærari lífsstíls.

Hafa virðingu, samheldni og samábyrgð að leiðarljósi.

I. Umhverfismál og sveitarfélög

Hvernig náum við raunverulegum árangri við uppbyggingu sjálfbærs samfélags?

Samráð og samstaf

Upplýsing og fræðsla – viðhorfsbreyting

Auka skilning á sjálfbærnihugtakinu, í hverju það felst og hvað hægt er að gera til að stuðla að sjálfbærni?

Gera umhverfsvæna hluti sýnilega, hafa til dæmis grenndarstöðvar í nærumhverfi, það eflir umhverfisvitund.

Setja Grænfánaverkefnið í skólanámskrá.

Taka mið af nægjusemi og hófsemi í fræðslu og uppeldi.

Breyta hugarfari og auka umhverfislæsi með umhverfisfræðslu.

Auka fræðslu til ungmenna með áherslu á gagnrýna hugsun.

Gera eftirsóknarvert að vera grænn – allir með.

Skipulagsmál

Efla skipulag og skýra hlutverk í skipulagsmálum.

Heildarsýn í samgöngumálum.

Tryggja heildstæða þjónustu í nærumhverfi – Um það eiga skipulagsmál að snúast.

Þetta byggð og blanda landnotkun. Lagarammi í skipulagsmálum á að leiða til sjálfbærni ekki sóunar.

Meta sögu- og menningarverðmæti og skilgreina náttúruvernd sem veigamikinn þátt í sjálfbærri þróun.

Stefnumörkun og langtímahugsun – lagaumhverfi

Móta skýra framtíðarsýn og markmið til að vinna eftir.

Setja raunhæf, mælanleg, tímasett og fjármöggnuð markmið.

Einfaldar og skýrar leikreglur og gott eftirlit.

Vilji ráðamanna til að hafa áhrif til góðra verka og lausna þarf að vera sýnilegur.

Bæta lagaumhverfi í því skyni að styðja við umhverfismál og sjálfbærni. Umhverfisglæpir verða að vera dýrir (t.d. umhverfisslys, utanvegaakstur).

Byggja upp grænt hagkerfi hér á landi, með áherslu á vottun og hvata. Verðlauna þá sem skara fram úr, ekki niðurgreiðslur eða skattaafsláttur til allra.

Nota hagræna hvata til að beina atvinnulífi inn á umhverfsvænar brautir – stuðlar að langlífi fyrirtækja.

Umbun, meðal annars skattaívilnanir fyrir fyrirtæki sem eru umhverfsvæn.

Hvatar, svo sem styrkir, lánakerfi og skattakerfi sem taka mið af frammistöðu fyrirtækja í umhverfis- og sjálfbærnimálum.

Fjárhagslegir hvatar, svo sem grænir verðbréfasjóðir, grænir skattar, skattaafsláttur.

Lægra virðisaukaskattþrep fyrir umhverfismerktar vörur.

Hagrænir hvatar

II. Umhverfismál og atvinnulíf

Hvernig byggjum við upp öflugt og umhverfsvænt atvinnulíf?

Upplýsingar og fræðsla til að efla sameiginlega sýn á sjálfbærni á að vera kjarni á öllum skólastigum.

Styrkja Staðardagskrá 21.

Auka þekkingu á umhverfismerkingum, vistvænum vörum og þjónustu.

Auka menntun og rannsóknir á sviði umhverfismála.

Auk þess að mennta og upplýsa neytendur þarf líka að gera þeim kleift að fylgja eftir þeirri kunnáttu með aðgerðum.

Breyta viðhorfum með aukinni fræðslu í umhverfismálum, m.a. í kennaramenntun, í fullorðinsfræðslu og í fyrirtækjum.

Flétta saman menntun og starfsþjálfun á sviði umhverfismála sbr. Nýheima á Hornafirði.

Aukin menntun og upplýsingar um sjálfbærni gefur okkur upplýstara fólk sem hefur langtímasýn að leiðarljósi í því sem það gerir. Það gefur okkur ávinning og meiri arð til langs tíma.

Menntun og fræðsla

Heildræn stefna til langs tíma

Setja fram samþætta, heildstæða og lögfesta stefnu í umhverfis- og atvinnumálum til langs tíma.

Efla skipulag og stefnumörkun sem byggir á faglegri þekkingu og rannsóknum í umhverfismálum.

Opinberi geirinn þarf að sýna gott fordæmi.

Umhverfsvottanir

Auka fjármagn til að byggja upp umhverfsvottanir og siðrænar vottanir hér á landi.

Umhverfsvottanir efla umhverfisvænt atvinnulíf ef þær eru unnar á staðlaðan hátt og með góðri eftirfylgni.

Vinna að því að fá umhverfsvottun fyrir öll sveitarfélög á Íslandi á sama hátt og Snæfellsbær hefur fengið.

Hvetja atvinnulíf til umhverfsvottunar – það hefur snjóboltaáhrif.

Upplýsa atvinnulíf um umhverfisstjórnunarkerfi og tækifærin sem í því felast.

Nýsköpun

Byggja upp öflug sprotafyrirtæki sem eru umhverfisvæn og samkeppnishæf að öðru leyti.

Leggja áherslu á fjölbreytileika í atvinnuuppbyggingu einnig hið smáa. Smáiðnaður í stað stóriðnaðar.

Nýta betur það sem við höfum, þar liggja tækifærin.

Virkja atvinnulausa í grænni nýsköpun – sóknarfæri á vinnumarkaði.

Virkja hausinn og hugvit til nýsköpunar með sjálfbærni að leiðarljósi.

Byggja upp fjölþætt atvinnulíf og samfélag sem þolir áföll og er þar með varanlegra.


Samvinna og samstarf

Traust samráð er forsenda fyrir árangri – skipuleggja vettvang fyrir samráð.

Þurfum að þjálf okkur í samvinnu.

Samþætta umhverfismál inn í öll svið samfélagsins og skýra ábyrgð í því samhengi.

Auka samvinnu og samstarf stjórnvalda, atvinnulífs, skóla, sérfræðinga og almennings.



Fræðsla - hugarfarsbreyting

Nota hagræna hvata, til dæmis við innkaup og koma á vistvænum innkaupum.

Gera vistfræðispor vöru sýnilegt – allur kostnaður og áhrif á umhverfið, t.d. varðandi reiðhjól/samgöngur og í matvælaframleiðslu.

Efla umræðu um lífsstíl og afleiðingar neyslu okkar og greina þörf fyrir innkaup. Þurfum við þetta? Minna er jafnvel betra, gíra sig aðeins niður í neyslu.

Efnahagslegir hvatar – leggja áherslu á það hvað er hægt að fá út úr því að minnka neyslu.

Fræða um afleiðingar neyslu okkar.

Tryggja þarf sjálfbært fæðuöryggi.

Hætta notkun jarðefnaeldsneytis í áföngum, nota aðra orkugjafa.

Efla hjólreiðar, þær eru samfélagslegur sparnaður.

Halda þarf á lofti hugsun hinnar upplýstu, víðsýnu og hagsýnu húsmóður.

Sjálfbær þróun gerð skiljanleg – fá fleiri með

Þörf er á uppstokkun á kerfi og hugarhari.

Finna samstarfsaðila og talsmenn þvert á stjórnmalaflokka.

Efla samstarf og samræðu atvinnulífs, stjórnvalda og félagasamtaka um „grænar lausnir“.

Mikilvægt að móta sameiginlega sýn, vinna saman og fara upp úr hjólförum flokkadrátta, m.a. með það markmið að skilgreina hugtakið „sjálfbært Ísland“.

Fræðsla á að ná til allra, leggja ber sérstaka áherslu á heimilin, neyslu og lífsvenjur. Aðstoða fólk við að breyta venjum.

Hugarfarsbreyting, nota vefinn til að ná til unga fólksins og nýta skóla betur til uppfræðslu.

Setja á laggirnar umhverfisfræðslu fyrir stjórnmalamenn, stjórnendur og atvinnulífið.

Efla vitund og þátttöku foreldra.

Undirtönn auglýsinga má vera á umhverfsvænum nótum og settur þannig fram að það sé „töff“.

Tryggja menntun þeirra sem mennta: Háskólakennara, framhaldsskóla- og grunnskólakennara.

Útskýra hvað sjálfbær þróun er og hvað hún þýðir fyrir einstaklinginn.

Miðla jákvæðum fréttum um sjálfbæra þróun og verkefni, sbr. Positive news, fréttablað í Bretlandi.

Opna orðræðu í samfélaginu um sjálfbæra þróun.

Leggja áherslu á lausnir og jákvæðni.

Lærum af reynslu annarra, dæmi: Láland í Danmörku.

Stuðla að meiri jöfnuði innanlands og á heimsvísu, think globally – act locally.

Sýna fram á að sjálfbær lífsstíll sé eftirsóknarverður; „það er kúl að vera sjálfbær“. Taka á því á svipaðan hátt og að vera reyklaus.

Sjálfbær lífsstíll á að vera sjálfsagt val og til þess að svo verði þarf hugarfarsbreytingu. Fjölmiðlar gegna mikilvægi hlutverki.

Neytendablaðið ókeypis til allra heimila.

Nota einfaldar hagkvæmar leiðir til að ná til almennings.

Styðja við góðar fyrirmyndir og ímynd fyrir æsku landsins.

Viðauki III

- Móta þarf langtímastefnu stjórnvalda í orku- og umhverfismálum.
- Efla háskólamenntun og starfsþjálfum í orku- og umhverfistækni. Auka áherslu á markaðs- og kynningarstarf um íslenska orku- og umhverfistækni.
- Efla fræðslu um orkusparnað á heimilum. Styrkja vitund almennings um betri orkunýtingu á öllum sviðum, þ.e. rafmagn heitt vatn, eldsneyti.
- Skoða kosti og galla glóperubanns.
- Efla sveitarfélög í að sýna ábyrgð í orkunýtingu, t.d. með því að minnka ljósanotkun.
- Spara eldsneyti sem flutt er til landsins (ekki eyða stórfé í að leita að olíu á hafsbotni).
- Leggja áherslu á skynsamlegri nýtingu orkuauðlindanna og orkusparnað. Setja töluleg markmið um að draga bæði úr notkun á rafmagni og heitu og köldu vatni og mæla árangur þess. Orkunotkun rafmangstækja ætti t.d. að skoða við opinber innkaup.
- Stjórnvöld verði í fararbroddi við notkun vistvænna ökutækja. Ráðuneyti og stofnanir þurfa að setja sér töluleg markmið varðandi þetta. Einnig ætti að sýna fram á mælanlegan árangur við að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á vegum hins opinbera. Beita hagrænum stjórnækum til að lækka verð á sparneytnum bílum og það verði raunhæfur möguleiki að aka um á metan- og/eða rafbílum.
- Vistakstur og fræðsla um eldsneytissparnað verði eðlilegur hluti ökukennslu. Boðið verði upp á námskeið í akstri án nagladekkja.

Orku- og umhverfismál

- Setja þarf skýr töluleg markmið um að draga úr loftmengun.
- Mikilvægt að reglur um mörk brennisteinsvetnis grundvallist á íslenskum rannsóknum og að áætlun þar að lútandi verði unnin í samvinnu við orkufyrirtæki.

Loftmengun

- Stjórnvöld stuðli með markvissum aðgerðum að því að draga úr myndun úrgangs eða minnka hann eins og kostur er. Gerðar verði áætlanir sambærilegar þeim sem gerðar eru í nágrannalöndum okkar. Lögð verði áhersla á að kynna fyrir fólki hvernig sjálfbær neysla getur dregið úr myndun úrgangs.
- Ríkisvaldið þarf að skapa skilyrði til að ekki sé litið á efni og vöru sem lokið hafa áfanga í hringferli sínum sem úrgang heldur sem hráefni eða auðlind sem vinna má áfram með og skapa ný verðmæti.
- Hugsað verði í heildarferlum þannig að umhverfisáhrif hráefnisvinnslu, framleiðslu og efnisnotkunar verði sem minnst. Reynt verði að draga úr innkaupum með betra skipulagi. Sem dæmi má nefna að rannsóknir hafa leitt í ljós að matvælum er hent í stórum stíl vegna þess að þau eru seld í of stórum skömmtum sem einstaklingar og jafnvel fjölskyldur ráða ekki við.
- Hvetja stofnanir og fyrirtæki ríkisins til að vera í forystu varðandi bættu meðhöndlun úrgangs og setja sér töluleg markmið um endurvinnslu á úrgangi og stuðla þannig markvisst að því að ná settum markmiðum um endurvinnslu og minni urðun.
- Æskilegt að „Velferð til framtíðar“ hafi forystu um stefnubreytingu í notkun hugtaka með því að hverfa frá hugtakinu „meðhöndlun úrgangs“ og hefja umræðu um „nýtingu auðlindar“ í staðinn. Markmið með nýrri rammatilskipun ESB um úrgang er m.a. að innleiða endurvinnslusamfélag. Orðanotkun er mjög mikilvæg í þessu sambandi. Mikilvægt að koma inn þeirri hugsun að úrgangur sé auðlind.
- Byggingariðnaðurinn er talinn ábyrgur fyrir um 40% af orku- og hráefnanotkun í Evrópu. Umhverfisáhrif hans eru því umtalsverð en með vistvænni nálgun má á skilvrkan hátt draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Hið opinbera á að vera í forystu á sviði sjálfbærrar þróunar í byggingariðnaði.
- Hvatt verði til að dregið verði úr úrgangsmýndun í mannvirkjagerð (framkvæmd og niðurrif) með því að velja efni sem auðvelt er að endurvinna. Gerð verði krafa til verktaka um úrgangsstjórnun. (Byggingarúrgangur er að jafnaði stærsti úrgangsflokkurinn).
- Lögð verði áhersla á að auka aðgengi fólks að endurvinnslustöðvum þannig að draga megi úr akstri til að skila úrgangi til endurvinnslu. Flokkun úrgangs verði gerð auðveldari.
- Endurnýting á vörum verði aukin. Viðgerðapjónusta (t.d. á skóm og töskum) og sala á notuðum fötum verði í lægra virðisaukaskattspæpi.
- Lögð verði áhersla á að fræða fólk um grænni lífsstíl, m.a. með áherslu á að draga úr notkun ýmissa efna, t.d. sápu og skordýraeiturs.

Viðauki III

Helstu tillögur og athugasemdir sem bárust frá almenningi í kjölfar VI. Umhverfisþings

Meðferð úrgangs, endurnýting og endurvinnsla

Samgöngur og skipulag

- Dregið verði úr einkabílaakstri á höfuðborgarsvæðinu um 40% á næstu 20 árum með því að byggja höfuðborgarsvæðið inn á við og hætta að þenja það út. Byrja þarf á að byggja á því svæði sem er þjóðhagslega hagkvæmast að byrja á, þ.e.a.s. í Vatnsmýrinni í Reykjavík og þar verði byggt yfir 45 þúsund íbúa og störf á næstu 15-20 árum.
- Fella út kröfur um lágmarksfjölda bifreiðastæða (64. gr. í byggingarreglugerð). Setur hönnuðum þröngar skorður og kemur í veg fyrir að hægt sé að skipuleggja þetta byggð án þess að stór hluti borgarlandsins fari undir bílastæði. Kemur í veg fyrir að hægt sé að skipuleggja byggð þar sem gönguleiðir eru stuttar.
- Skattaívilnanir til handa fyrirtækjum sem starfa í litlu húsnæði (styður verslun í nærumhverfi og vinnur gegn tröllvöxnum vöruskemmum í útjaðri borgarlandsins).
- Gönguleiðir séu skipulagðar á deiliskipulagi lóða á sambærilegan hátt og akstursleiðir þar með taldar gönguleiðir framhjá bílastæðum. Varast að gera ráð fyrir því að gangandi fólk þurfi að fara sömu leið og bílar í gegnum bílastæði, veldur slysaættu og óþægindum.
- Stytting akstursleiða bíla verði ekki á kostnað göngu- og hjólaleiða.
- Jarðhæðir fjölbýlishúsa séu ekki bílageymslur.
- Almennarými eins og gangstéttir og torg séu virt. Sektir við að leggja farartækjum ólöglega á slíkum stöðum verði sambærilegar við það sem gerist í nágrennborgum.
- Gætt verði að því að stofnæðar truflir sem minnst nærliggjandi byggð.
- Lögð verði enn meiri áhersla á skjólmyndun með trjágróðri en nú er, meiri trjárækt í miðri byggð.
- Dregið verði úr niðurgreiðslum til bíleigenda í formi gjaldfrjálsra bílastæða við stofnanir, verslanir og fyrirtæki, óbeinnar gjaldtöku af umferðarmannvirkjum og hverju því sem dregur úr samkeppnishæfni annarra valkosta við einkabílinn.
- Efla almenningssamgöngur. Ríkið styrki almenningssamgöngur ekki síður en gerð jarðgangna eða aðrar samgönguúrbætur á landsbyggðinni. Almenningssamgöngur fái sérakreinar á stofnæðum þar sem hættu er á biðraðamyndun og töfum. Hanna strætóskýli sem taka tillit til íslenskra aðstæðna.
- Auka möguleika fólks til að ganga og hjóla og minnka vægi einkabílsins.
- Göngustíggar og hjólabrautir séu lagðar með sambærilegum metnaði og götur fyrir bíla. Gerð verði kort af höfuðborgarsvæðinu sem sýni göngu- og hjólastíga, biðstöðvar strætó og aðra samgöngumöguleika. Fjölgja kortum og merkingum á reiðhjóra- og göngustígum. Leggja stofnæðakerfi fyrir reiðhjól. Reiðhjólstæði við allar opinberar byggingar, skóla, íþróttahús og sundlaugar. Gerð verði krafa um hjólastæði við nýbyggingar. Hjólastæði við skiptistöðvar strætisvagna. Auka aðgengi hjólandi og gangandi þar sem settar eru hindranir fyrir bíla, t.d. í botnlöngum. Verðlauna góðar hjólagötur. Fækka tröppum og gæta þess að þær séu ekki of háar í því skyni að auka aðgengi fyrir hjól, vagna og þá sem eiga erfitt með gang.
- Niðurgreiða reiðhjól til fyrirtækja.
- Bjóða upp á námskeið í hjólaferni.

Umhverfsvottun

- Leggja þarf mun meiri áherslu á jarðfræðilega fjölbreytni og vernd jarðminja en gert hefur verið. Vernda þarf jarðminjar út frá heild þeirra en ekki hluta, t.d. eru Lakagíggar og Skaftárheldahraun ein jarðfræðileg heild.

- Markmið vantar um að fjölga fyrirtækjum með umhverfisstjórnun skv. ISO 14001 eða EMAS. Hvetja fyrirtæki til að fá ISO 14001 vottun sem á heimsvísu er lang útbreiddasta umhverfsvottun hjá fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum og setja töluleg markmið um þetta. Enginn innan stjórnsýslunnar vinnur með vottuð umhverfisstjórnunarkerfi og hvorki er hægt að leita upplýsinga innan stjórnsýslunnar um fyrirtæki á Íslandi með slíka vottun né afla þar ítarlegra upplýsinga um slík kerfi.
- Umhverfsvottunarkerfi fyrir byggingar eru markviss leið til að vinna með umhverfsvænar áherslur í mannvirkjagerð. Sjálfbærni og vistvæn sjónarmið krefjast nýrrar nálgunar við skipulag, hönnun og framkvæmdir.
- Stjórnvöld ættu að vinna að því að stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins komi upp vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi og gera kröfur um vottun til birgja við opinber innkaup. Veita vottuðum fyrirtækjum ívilnanir, t.d. vegna ytra eftirlits.
- Öll sveitarfélög landsins verði umhverfsvottuð, þetta verði gert með styrk frá ríkinu.

Vernd jarðminja

Ýmsar ábendingar

- Auka framleiðslu á íslensku grænmeti, hvetja til lífrænnar ræktunar.
- Ræktun erfðabreyttra matvæla verði ekki leyfð utandyra.
- Samfélagslegu og efnahagslegu víddina vantar.
- Nálgunin í Velferð til framtíðar er raungreinanálgun. Sjálfbær þróun er þverfaglegt viðfangsefni. Skortur á samþættri sýn skipulagsfræða, félagsvísinda o.fl. er áberandi í stefnunni.
- Meiri áherslu þarf að leggja á félagslegu og efnahagslegu víddina. Spurning með hliðsjón af því hvers vegna sjálfbær þróun sé ekki á ábyrgðarsviði forsætisráðuneytis.
- Leggja áherslu á einföldum regluverks og skilvirkari stjórnsýslu. Stjórnvöld einsetji sér að umsagnartími opinberra stofnana og leyfisveitenda samræmist gildandi lögum og reglum.

Viðauki IV

Listi yfir þá sem sendu athugasemdir og tillögur við drög að Velferð til framtíðar 2010–2013 eins og þau voru kynnt á VI. Umhverfisþingi.

Beluga ehf.
Framkvæmdasýsla ríkisins
Landssamtök hjólreiðamanna
Landsvirkjun
Landvernd og Náttúruskóli Reykjavíkur
Lovísa Ásbjörnsdóttir, Umhverfisstofnun
Lúðvík Gústafsson verkefnisstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Náttúrustofa Vesturlands
Neytendasamtökin
Óskar Dýrmundur Ólafsson
Samtök atvinnulífsins
Samtök iðnaðarins
Samtök um betri byggð
Samtök um billaust Ísland
Selasetur Íslands
Skipulagsstofnun
Skorradalshreppur
Verkfræðistofan EFLA







Umhverfi okkar er í stórhættu, ekki síst veg

Hvað getum við gert sem sk



...notað
vistvæna orkugjöf
og valið vistvæna
byggingarefni
á miðlungs
skálningu

...slökkt á
og straum
þegar þa



blóm
nmeti,
jurtir

na skeytingarleysis okkar.
iptir máli?

ljósum og tekið tæki
nbreyta úr
au eru e





UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Nóvember 2010